

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. apríl 2024

Mál nr. E-3447/2023:

**Rebekka Sif Gunnþórsdóttir**

(Styrmir Gunnarsson lögmaður)

gegn

**Orku náttúrunnar ohf. og**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Teitur Gissurarson lögmaður)

## Dómur

*Málsmeðferð og dómkröfur aðila*

- Mál þetta, sem dómtekið var 8. mars 2024, var höfðað 1. júní 2023 af Rebekku Sif Gunnþórsdóttur, [...], [...], gegn Orku náttúrunnar ohf., Bæjarhálsi 1, Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 44.033.464 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 3. júlí 2020 til 1. desember 2021, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. *Til vara* krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 42.688.929 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 3. júlí 2020 til 1. desember 2021, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. *Til þrautavara* krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 30.961.593 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 3. júlí 2020 til 1. desember 2021, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. *Til þraut-þrautavara* krefst stefnandi þess að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda 23.716.041 krónu með 4,5% ársvöxtum frá 3. júlí 2020 til 1. desember 2021, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

3. Stefnu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda, auk málskostnaðar.

## I

### *Helstu málsatvik*

4. Stefnandi slasaðist 3. júlí 2018 er hún var að störfum hjá stefnda Orku náttúrunnar ohf. við Hellisheiðarvirkjun, en stefnandi starfaði á grundvelli námssamnings við stefnda. Stefndi Orka náttúrunnar ohf. var með frjálsa ábyrgðartryggingu í gildi hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á tjónsdegi. Stefndi Sjóvá viðurkenndi bótaábyrgð vegna vinnuslyss stefnanda og óskuðu aðilar sameiginlega eftir matsgerð til þess að meta afleiðingar líkamstjóns stefnanda vegna slyssins, með matsbeiðni, dags. 22. desember 2020. Niðurstöður matsins, sem lágu fyrir þann 29. október 2021, voru að tímabundið atvinnutjón og þjáningartímabil stefnanda, án rúmlegu, hefði verið frá slysdegi til 3. júlí 2020, fyrir utan tvær skammvinnar tilraunir á vinnumarkaði, annars vegar í janúar og hins vegar í júní 2020. Stöðugleikatímupunktur taldist vera 3. júlí 2020, varanlegur miski var metinn 30 stig og varanleg örorka var metin 30%.
5. Stefnandi taldi að skilyrði væru til að meta árslaun hennar sérstaklega skv. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, þar sem hún hefði undanfarin ár nýtt starfsgetu sína til náms í vélfræði við Tækniskólann og einungis verið í hlutastörfum eða störfum á grundvelli námssamnings samhliða náminu. Stefndi Sjóvá viðurkenndi bótaskyldu en taldi að skilyrði 2. mgr. 7. gr. laganna væru ekki uppfyllt þar sem námslok stefnanda hefðu ekki verið fyrirsjáanleg á tjónsdegi. Stefndi Sjóvá sendi tillögu um fullnaðaruppgjör með vísan til lágmarkslaunaviðmiðs 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 við útreikning á skaðabótum vegna varanlegrar örorku. Stefnandi gerði fyrirvara við uppgjörið, m.a. vegna annars viðmiðs árslauna við mat á útreikningi bóta vegna varanlegrar örorku og miska. Stefnandi fékk greiddar skaðabætur í samræmi við uppgjörstillögu stefnda Sjóvá þann 15. mars 2022, með fyrirvara um að hún teldi rétt að leggja annað árslaunaviðmið til grundvallar.
6. Í málinu liggur frammi tölvupóstur, dags. 18. maí 2022, frá skólastjóra Véltækni- og skipstjórnarskólans, þar sem fram kemur að stefnandi hafði lokið 34 af 38 einingum skv. eldri A-braut þann 3. júlí 2018, en 43 einingum af 51 skv. nýrri A-braut þennan sama dag. Í tölvupóstinum kemur enn fremur fram að stefnandi hafði 3. júlí 2018 lokið 83 af 126 einingum skv. eldri B-braut, sem skv. nýrri braut samsvaraði 114 einingum af 191 einingu. Enn fremur er á meðal gagna málsins skjal þar sem skólastjórinn svarar spurningum lögmanns stefnanda um nám hennar við skólann og þar kemur fram að þann

3. júlí 2018 hafði stefnandi lokið samtals 97 einingum. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að stefnandi útskrifaðist þann 29. maí 2020 með burtfararpróf í vélstjórn A og stúdentspróf af fagbraut. Jafnframt er á meðal gagna málsins staðfesting frá Samgöngustofu um að stefnandi hafi lokið samtals 342 lögskráningardögum sem háseti á tímabilinu 18. maí 2016 til 1. ágúst 2017.
7. Þann 2. mars 2023 sendi lögmaður stefnanda tölvupóst þar sem óskað var eftir að stefndi Sjóvá endurskoðaði fyrri afstöðu sína um árslaunaviðmið sem félagið lagði til grundvallar uppgjóri bóta fyrir varanlega örorku. Til stuðnings beiðni sinni vísaði stefnandi til framangreindra upplýsinga frá skólastjóra Véltekni- og skipstjórnarskólans um að stefnandi hefði á slysdegi lokið 89% af námi til A-réttinda (vélar undir 750 kW) og 66% af námi til B-réttinda (vélar undir 1500 kW), sem þýddi að stefnandi hefði á slysdegi lokið 71,3% náms til A- og B-réttinda (117/164). Fyrri nálgun stefnda væri ekki rétt og námslok stefnanda hefðu á slysdegi verið fyrirséð hvað varðar A- og B-réttindin og því hefði borið að meta árslaun stefnanda sérstaklega skv. 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Í tölvupósti þann 16. mars 2023 var upplýst um að stefndi Sjóvá héldi sig við fyrri afstöðu til árslaunaviðmiðs með vísan til fyrri raka, þ.e. að námslok hefðu ekki verið fyrirséð á slysdegi.
8. Við aðalmeðferð málsins gaf A, skólastjóri Véltekni- og skipstjórnarskólans, skýrslu fyrir dómi. Verður vitnað til framburðar hans eftir því sem þurfa þykir.

## II

### *Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

9. Stefnandi byggir á því að hún hafi ekki fengið tjón sitt að fullu bætt og fellst ekki á að við uppgjör skaðabóta fyrir varanlega örorku af völdum slyssins sé rétt að beita lágmarks-launaviðmiði 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, líkt og stefndi hafi gert. Síðastnefnt ákvæði eigi ekki við um aðstæður stefnanda, enda sé ákvæðinu einkum ætlað að ná til þeirra sem engar tekjur hafi vegna ungs aldurs eða vegna þess að þeir hafi ekki verið á vinnumarkaði, t.d. vegna fötlunar, veikinda eða vinnu heima við. Þannig sé ákvæðinu ætlað að tryggja þessum aðilum ákveðna lágmarkstekjuviðmiðun. Ákvæði 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé hins vegar ekki ætlað að ná til einstaklinga eins og stefnanda þar sem námslok séu fyrir-sjáanleg þegar slys beri að garði. Lágmarks-launaviðmið 3. mgr. 7. gr. endurspegli ekki rauntjón stefnanda til framtíðar.
10. Í 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé að finna sérreglu þess efnis að árslaun skuli meta sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi og ætla megi að annar mælikvarði sé

réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Ráða megi af réttarframkvæmd og skrifum fræðimanna að meðal tilvika sem réttlæti beitingu heimildarinnar sé ef tjónþoli hefur nýtt starfsgetu sína til endurmenntunar til þess að búa sig undir annað starf eða ef tjónþoli var í skóla verulegan hluta viðmiðunartímans og námslok fyrirsjáanleg. Hafi m.a. verið talið að fallast beri á beitingu 2. mgr. 7. gr. laganna hafi námsmaður lokið meira en 2/3 hlutum náms síns. Ennfremur megi ráða af dómaframkvæmd að það hafi sérstaka þýðingu ef tjónþoli slasast í starfi þar sem hann hefur verið með námssamning. Þá sé við beitingu heimildarinnar sérstaklega litið til aldurs tjónþola þannig að henni hafi sérstaklega verið beitt um unga tjónþola þegar námslok séu fyrirsjáanleg.

11. Við úrlausn málsins sé til þess að líta að stefnandi hafi byrjað vélfræðinám við Tækniskólann haustið 2015. Hún hafi fyrst verið skráð í nám til svokallaðra A-réttinda, nefnt „VA-Vélstjórn hraðferð“, en síðan fært sig í janúar 2016 yfir í nám til D-réttinda, nefnt „VD-Vélstjórn“, sem veiti ótakmörkuð réttindi, þ.e. réttindi til að gegna stöðu yfirvéltjóra og 1. véltjóra á skipum með ótakmarkað vélarafli (að loknum siglingatíma). Stefnandi hafi síðan verið skráð í nám til B-réttinda, „VB-Vélstjórn“ í júní 2018, mánuði fyrir slysið. Fyrirkomulag námsins sé með þeim hætti að ekki sé óalgengt að nemendur skipti milli brauta. Þá hafi þýðingu að gerðar hafi verið breytingar á einingakerfinu, þegar farið hafi verið úr „hefðbundnum“ einingum, eins og tíðkaðist í eldra framhaldsskóla-kerfinu, yfir í nýtt fyrirkomulag þar sem notaðar séu svokallaðar F-einingar (einingar í þrepum). Umrædd breyting hafi þó ekki þýðingu fyrir úrlausn málsins í ljósi þess að breytingin hafi verið gerð eftir að stefnandi hóf námið og gamla kerfið hafi því átt við um hana og hennar nám.
12. Stefnandi hefði á slysdegi lokið 89% af námi til A-réttinda (atvinnuréttindi til starfa á skipum með vélarafli minna en 750 kW) og 66% af námi til B-réttinda (atvinnuréttindi til starfa á skipum með vélarafli minna en 1500 kW) og lokið námi til A-réttinda 29. maí 2020. Miðað við þetta hefði stefnandi á slysdegi lokið samtals 71,3% af námi sínu til A- og B-réttinda og þar með meira en 2/3 hlutum námsins. Slíkt sé í reynd – eða ætti að vera – óumdeilt, enda liggi fyrir skrifleg staðfesting skólans þess efnis. Blasi þannig við að námslok stefnanda til 1. og 2. stigs vélstjórnarréttinda (A- og B-réttinda) hafi verið fyrirsjáanleg á slysdegi.
13. Framangreint fái ennfremur stoð í niðurstöðu matsgerðar þar sem eftirfarandi komi fram:  
*„Telja verður því fyrirsjáanlegt á slysdegi að tjónþoli hefði a.m.k. lokið A- og B-stigi vélstjórnar hefði hún ekki lent í umræddu slysi og nýtt sér umrædda menntun til að afla*

*tekna í framtíðinni.* “ Matsmenn taki þannig í mati sínu á varanlegri örorku stefnanda mið af því að hún hefði til framtíðar unnið störf í samræmi við menntun sína, hefði ekki komið til slyssins. Fullyrða megi að niðurstaða matsmanna á varanlegri örorku stefnanda sé af þeirri ástæðu sú að hún væri lægri en hún hefði annars verið, hefðu matsmenn lagt til grundvallar þá forsendu að hún hefði unnið störf verkafólks, líkt og lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga miði við. Afstaða stefnda leiði þannig til þess að félagið hagnist tvöfalt, fyrst með lægra mati matsmanna á varanlegri örorku og svo aftur með öðrum og lægri lágmarkslaunum til útreiknings bóta fyrir varanlega örorku en matsmenn reikni með.

14. Stefnandi byggir á því að bæði skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt í málinu, þ.e. annars vegar óvenjulegar aðstæður þrjú síðustu ár fyrir slysdag og hins vegar að annar mælikvarði en tekjur síðastliðinna þriggja ára sé réttari. Hinar óvenjulegu aðstæður stefnanda þrjú ár fyrir slysið felist í því að á tímabilinu hafi hún ekki nýtt sér starfsgetu sína til öflunar launatekna, heldur til náms. Á slysdegi hafi 71,3% náms til A- og B-vélstjórnarréttinda verið lokið og slík námsstaða á slysdegi jafngildi því að námslok hennar hafi verið fyrirsjáanleg, miðað við dómaframkvæmd Hæstaréttar. Þá sé annar mælikvarði en lágmarkslaunaviðmiðið í 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda, hefði ekki komið til slyssins, enda hafi námslok hennar á slysdegi verið fyrirsjáanleg.
15. Stefnandi hafi verið ung á slysdegi og á námssamningi hjá stefnda Orku náttúrunnar, sem hafi verið hluti af námi hennar við skólann. Samkvæmt 2. gr. námssamningsins hafi náms-tími stefnanda hafist hjá stefnda 29. maí 2017 og áætluð námslok verið 29. maí 2019. Slysið hafi átt sér stað 3. júlí 2018 og vegna afleiðinga þess hafi stefnandi verið ófær um að ljúka skyldum sínum skv. námssamningnum, sem og námi sínu í vélstjórn. Að öllu framangreindu virtu telji stefnandi ljóst að skilyrðum 2. mgr. 7. gr. sé fullnægt.
16. Aðalkröfu sína kveðst stefnandi reisa á því að réttari mælikvarði fyrir framtíðartekjur hennar felist í meðallaunum þeirra sem falli undir starfsflokkinn „Störf iðn- og landbúnaðarvélvirkja“ hjá Hagstofu Íslands. Það sé nærtækasti mælikvarðinn á framtíðartekjur vélvirkja enda falli í þann flokk störf sem felist m.a. í að annast uppsetningu, viðhald, viðgerðir og þjónustu ýmissa véla og tækja og að sinna skyldum verkefnum skv. lið 7233 íslenskrar starfaflokkunar (ÍSTARF95). Stefnandi vísar til þess að skv. Hagstofu Íslands voru heildarlaun þessa hóps að meðaltali 821.000 krónur á mánuði slysírið 2018 eða 12.293.672 krónur á ársgrundvelli ( $821.000 \times 12 \times (734,6/656,4) \times 1,115$ ).

Útreikningur bóta fyrir varanlega örorku sé því  $12.293.672 \times 16,628 \times 30\% = 61.325.753$  krónur, en ekki sé ágreiningur um margfeldisstuðul 6. gr. skaðabótalaga og stefnandi miði við sama stuðul og stefndu gerðu í uppgjöri sínu. Samkvæmt síðastnefndu uppgjöri hafi stefndu greitt stefnanda innborgun á kröfu sína að fjárhæð 17.292.289 krónur. Mismunur kröfu stefnanda og innborgunarinnar nemi því 44.033.464 krónum sem sé aðalkrafa stefnanda í málinu.

17. Varakröfu sína kveðst stefnandi reisa á meðallaunum þeirra sem falli undir starfsflokkinn „Iðnaðarmenn“ hjá Hagstofu Íslands. Umræddur starfsflokkur taki m.a. til þess að halda við og gera við vélar, tæki eða verkfæri. Af réttarframkvæmd verði jafnframt ráðið að laun einstaklinga með sambærilega menntun og stefnandi hafi áunnið sér og þá sem fyrirséð hafi verið á slysdegi að hún myndi ljúka hafi verið felld undir þennan starfsflokk. Stefnandi vísar til þess að skv. Hagstofu Íslands voru heildarlaun iðnaðarmanna að meðaltali 803.000 krónur á mánuði árið 2018 eða 12.024.140 krónur á ársgrundvelli ( $803.000 \times 12 \times (734,6/656,4) \times 1,115$ ). Útreikningur bóta fyrir varanlega örorku sé þá  $12.024.140 \times 16,628 \times 30\% = 59.981.218$  krónur. Stefndu hafi greitt stefnanda innborgun á kröfu sína að fjárhæð 17.292.289 krónur. Mismunur kröfu stefnanda og innborgunarinnar nemi því 42.688.929 sem sé varakrafa stefnanda í málinu.
18. Stefnandi kveðst reisa þrautavarakröfu sína á meðallaunum þeirra sem lokið hafi 1. eða 2. stigi vélstjórnar (A-réttindi eða B-réttindi) á slysárinu 2018 skv. kjarakönnun Félags vélstjóra og málmtæknimanna 2018 sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Launakönnunin taki til þess hóps vélvirkja sem hafi lokið nákvæmlega sama námi og stefnandi hafi gert og að námslok hennar hafi verið fyrirséð á slysdegi. Meðallaun þessa hóps hafi skv. könnuninni verið 646.000 krónur á mánuði árið 2018 eða 9.673.218 á ársgrundvelli ( $646.000 \times 12 \times (734,6/656,4) \times 1,115$ ). Útreikningur bóta fyrir varanlega örorku sé þá  $9.673.218 \times 16,628 \times 30\% = 48.253.881$  króna. Stefndu hafi greitt stefnanda innborgun á kröfu sína að fjárhæð 17.292.289 krónur og mismunurinn nemi því 30.961.592 krónum sem sé þrautavarakrafa stefnanda í málinu.
19. Loks kveðst stefnandi reisa þrautaþrautavarakröfu sína á meðallaunum þeirra sem falli undir starfsflokkinn „Verkafólk“ hjá Hagstofu Íslands. Að mati stefnanda geti árslaunaviðmið hennar aldrei verið lægra en sem nemi meðalheildarlaunum verkafólks, enda sé um að ræða „lægsta samnefnara“ fólks á almennum vinnumarkaði. Stefnandi vísar til þess að skv. Hagstofu Íslands voru heildarlaun verkafólks að meðaltali 549.000 krónur á mánuði árið 2018 eða 8.220.738 krónur á ársgrundvelli ( $549.000 \times 12 \times (734,6/656,4) \times$

1,115). Útreikningur bóta fyrir varanlega örorku sé þá  $8.220.738 \times 16,628 \times 30\% = 41.008.330$  krónur. Stefnu hafi greitt stefnanda innborgun á kröfu sína að fjárhæð 17.292.289 krónur og mismunurinn nemi því 23.716.041 krónu sem sé þrautþrautavarakrafa stefnanda.

20. Stefnandi vísar um vaxtakröfu sína til 16. gr. skaðabótalaga og kröfu um dráttarvexti til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001. Krafist sé vaxta frá upphafsdegi metinnar örorku, 3. júlí 2020, til 1. desember 2021 þegar liðinn var mánuður frá því að stefnandi krafði stefndu með réttu um greiðslu, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

### III

#### *Helstu málsástæður og lagarök stefndu*

21. Stefnu byggja sýknukröfu sína á því að með þegar greiddum bótum sé tjón stefnanda að fullu bætt og að stefnandi eigi ekki lögvarinn rétt til frekari bóta. Stefnandi, sem beri sönnunarbyrði fyrir umfangi tjóns síns, hafi ekki sannað að hún hafi orðið fyrir frekara tjóni en bætt hafi verið.
22. Stefnu vísa til þess að meginreglu skaðabótalaga nr. 50/1993 um grundvöll útreiknings á bótum fyrir varanlega örorku sé að finna í 1. mgr. 7. gr. laganna og sé hún sú að miða skuli við meðalatvinnutekjur tjónþola síðustu þrjú almanaksár fyrir þann dag er tjón varð. Undantekningu frá þessari meginreglu sé að finna í 2. mgr. 7. gr. laganna, en skv. því ákvæði skulu árslaun metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði en árslaun síðustu þriggja ára fyrir slys sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Skoða verði í hverju tilviki fyrir sig hvaða mælikvarði sé réttastur til þess að ákvarða framtíðartekjur í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því hvaða árslaun það séu sem teljist vera réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar, ef 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga er beitt.
23. Stefnu hafna því að beita beri undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. laganna með vísan til þess að námslok hafi verið fyrirséð á slysdegi, eins og stefnandi byggja á. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum hafi stefnandi, á þeim tíma sem slysið varð, enn verið í eldri námskrá vélstjórnarnáms í Tækniskólanum. Stefnandi hafi innritast í Vélstækniskólann þann 8. júní 2015 og verið skráð í VA-Vélstjórn sem var 38 einingar og hafi það verið eðlileg byrjun á námi í skólanum. Seinna á námsferlinum hafi stefnandi skráð sig á VD-braut vélstjórnar sem var 208 einingar skv. eldri námskrá. Þegar slysið varð hafi stefnandi enn verið í eldri námskrá og þá hafi jafnframt verið nýbúið að færa stefnanda frá VD-braut

yfir á VB-braut vélstjórnar og hafi það verið liður í endurskipulagningu námsins. Engin efnisleg breyting hafi hins vegar átt sér stað við þetta, stefnandi hafi áfram stefnt að því að ljúka C- og D-réttindum í náminu á þessum tíma.

24. Stefndu kveðast byggja á því að námslok stefnanda hafi ekki verið fyrirsjáanleg á slysdegi, enda hefði stefnandi þá einungis lokið 126 einingum af þeim 208 einingum sem nám til D-réttinda í vélstjórn taldi skv. eldri námskrá. Sé því um að ræða tæplega [svo] helming námsins, auk þess sem hún hafi átt töluverðan hluta eftir af starfsnámi og ekki átt neinn siglingatíma að baki. Fyrir liggi að námssamningur hafi verið undirritaður 29. maí 2017 og skv. honum hafi starfsnámið átt að vara í 60 vikur. Ljóst sé skv. þessu að stefnandi hafi ekki verið komin það langt í námi að námslok teldust fyrir séð á slysdegi. Stefndu byggji á því að það hafi engu breytt um fyrirætlan stefnanda að hún hafi skömmu fyrir slysið verið færð yfir á B-braut þannig að hún öðlaðist einhver starfsréttindi fyrr, enda hafi engin efnisleg breyting orðið á fyrirætlan stefnanda að ljúka C- og D-réttindum í náminu.
25. Horfa verði á heildartíma þess náms sem stefnandi ætlaði að ljúka, enda verði ekki séð að hún hafi haft áform um að hætta námi og fara að vinna sem vélgæslumaður eða þjónustuaðili með A- og B-réttindi. Stefndu telji þannig að ekki sé hægt að slá því föstu að námslok stefnanda hafi verið fyrir séð og að laun þeirra sem séu með slík grunnréttindi, þ.e. A- eða B-réttindi, séu ekki réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda, en umrædd stig vélstjórnarnámsins séu einungis á framhaldsskólastigi. Ekki sé rétt að telja aðeins þann einingafjölda sem stefnandi hafði klárað á slysdegi, heldur þurfi að horfa á fyrir séð námslok í stærra samhengi. Þá komi fram í fyrirliggjandi matsgerð og bréfi lögmanns stefnanda til stefnda, dags. 1. nóvember 2021, að hún hafi verið hálfnuð með þriðja námsárið sitt í vélstjórn (af fimm árum) og rúmlega hálfnuð með námssamninginn við stefnda Orku náttúrunnar þegar hún lenti í slysinu.
26. Stefndu hafni því alfarið að rétt sé að nota það tekjuviðmið að miða við meðallaun sem falli undir starfsflokkinn „Störf iðn- og landbúnaðarvélvirkja“, meðallaun iðnaðarmanna, meðallaun þeirra sem lokið hafi 1. eða 2. stigi vélstjórnar eða meðallaun verkafólks á slysárinu 2018.
27. Til þess að heimilt sé að beita undantekningu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um námsmann verði námsmaður að vera kominn svo langt í námi að skammt sé til námsloka og þau séu fyrir sjáanleg. Því fari fjarri að svo hafi verið háttað um stefnanda á slysdegi. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að annar mælikvarði en meginregla skaðabótalaganna í 1. mgr. 7.

- gr. gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum. Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laganna sé undan-  
tekningarregla sem skýra beri þröngt og við mat á því hvort beita skuli ákvæðinu beri að  
miða við aðstæður stefnanda eins og þær voru á slysdegi en ekki taka mið af aðstæðum  
hennar síðar eða breytingum sem kunni að hafa orðið þar á.
28. Málsgögn sýni svo ekki verði um villst að aðstæður stefnanda á slysdegi hafi verið þannig  
að ekki komi annað til álita en að miða útreikning á varanlegri örorku við lágmarkslaun  
3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, eins og gert hafi verið í uppgjöri stefnda Sjóvár. Það þýði að  
stefnandi hafi þegar fengið þær skaðabætur sem hún eigi rétt á og því beri að sýkna  
stefndu.
29. Stefnandi hafi ekki sannað að annar mælikvarði en meginregla skaðabótalaga í 1. mgr. 7.  
gr., sbr. 3. mgr., gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum hennar. Því sé mótmælt að  
stefnandi hafi á slysdegi verið komin það langt á veg í náminu að hún hafi verið búin að  
marka sér ákveðinn starfsvettvang eða að námslok hennar hafi verið fyrirséð. Stefnandi  
hafi á slysdegi lokið 126 af 208 einingum í bóklegum hluta náms til D-réttinda í vélstjórn  
og þar fyrir utan hafi hún einnig átt eftir að ljúka 9–10 mánuðum af námssamningi.
30. Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir því hver sé réttari mælikvarði á líklegar framtíðar-  
tekjur hennar. Fyrir liggi að aðeins nám til C- og D-réttinda í vélstjórn gefi einstaklingum  
möguleika á að fara á námssamning og öðlast réttindi til að taka sveinspróf í vélvirkjun  
samhliða vélstjórnarnámi. Stefnandi hafi á slysdegi verið í og stefnt á að klára nám til D-  
réttinda í vélstjórn og hafi þess vegna verið byrjuð á námssamningi í vélvirkjun, en hafi  
aðeins verið búin með 5–6 mánuði af 15 mánaða námssamningi. Ljóst sé því að stefnandi  
hafi ekki verið komin nógu langt með námið til þess að réttlæt看legt sé að miða við  
meðallaun þeirra sem falli undir starfsflokkinn „Störf iðn- og landbúnaðarvélvirkja“, sem  
og meðallaun iðnaðarmanna, eins og stefnandi byggji á í aðal- og varakröfum sínum.
31. Hvað varði þrautavarakröfu stefnanda liggi fyrir að stefnandi hafi ekki lokið neinum  
siglingatíma og yrði því ekki talin hafa lokið nægjanlegu heildarnámi til þess að geta  
öðlast réttindi á skip skv. m.a. lögum nr. 82/2022 um áhafnir skipa og reglugerð nr.  
944/2020. Því sé þannig mótmælt sem komi fram í stefnu, að stefnandi hafi verið komin  
nægilega langt í námi til þess að öðlast starfsréttindi á skipum, en til þess vanti allan  
siglingatíma.
32. Kjarakönnun Félags vélstjóra og málmtæknumanna frá árinu 2018, sem stefnandi vísi til,  
segi að einstaklingar með A- og B-réttindi í vélstjórn séu með 630.000 krónur á mánuði í  
heildarlaun á árinu 2018. Einungis standi 40 einstaklingar að baki þeirri tölu og hafi

svarhlutfall í úrtaki könnunarinnar aðeins verið um 33%. Því sé mótmælt að umrædd tala gefi raunhæfa mynd af heildarlaunum einstaklinga með A- og B-réttindi í vélstjórn. Þá hafi dómstólar hafnað því að leggja slíkar kjarakannanir til grundvallar og stefndu hafni því að umrædd kjarakönnun hafi nokkurt sönnunargildi um líklegar framtíðartekjur stefnanda ef slysið hefði ekki orðið.

33. Um þrautþrautavarakröfu stefnanda sé því haldið fram í stefnu að meðalheildarlaun verkafólks sé lægsti samnefnari fólks á almennum vinnumarkaði. Sú fullyrðing sé alröng og sé henni hafnað af hálfu stefndu. Fyrir liggi að margir starfsflokkar séu með lægri meðaltekjur en verkamenn á árinu 2020 [svo]. Þá sé sú aðferðafræði stefnanda að taka meðallaunaviðmiðun á slysárinu og reikna upp með launavísitölu mótmælt sem rangri, þegar unnt sé að sjá hver raunveruleg meðallaun séu á því ári sem stöðugleikapunktur miðist við. Jafnframt sé ekkert í málinu sem bendi til þess að á slysdegi hafi stefnandi verið búin að marka sér starfsvettvang sem verkamaður eða nokkuð annað, enda hafi hún einungis verið í námi á framhaldsskólastigi.
34. Loks kveðast stefndu byggja á því að jafnvel þótt fallist yrði á að námslok hefðu verið fyrirséð á slysdegi vegna A- og B-réttinda í vélstjórn hafi stefnandi ekki mótað sér starfsvettvang til framtíðar á slysdegi og þ.a.l. ekki sýnt fram á hvaða mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hennar. Þá hafi stefnandi ekki heldur sýnt fram á að hún hefði til framtíðar getað vænst launa eins og verkamaður.
35. Við útreikning á bótum til stefnanda fyrir varanlega örorku beri skv. öllu framangreindu að miða við lágmarkslaun, sbr. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, eins og gert hafi verið við uppgjör stefndu og ekki hafi verið tilefni til annarrar viðmiðunar. Tjón stefnanda sé þar með að fullu uppgert og því beri að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.
36. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu sé byggt á því að stefnandi hafi í öllu falli ekki sannað að þau laun sem hún leggi til grundvallar í dómkröfum sínum séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar. Jafnframt sé á því byggt að miðgildi gefi réttari mynd af dæmigerðum launum stéttar en meðallaun, þar sem fáir einstaklingar með óvenju há eða lág laun geti skekkt myndina þegar meðallaun séu reiknuð.
37. Stefndu mótmæla dráttarvaxtakröfu stefnanda og telja að ef fallist yrði á kröfur stefnanda yrðu dráttarvextir ekki dæmdir frá fyrra tímamarki en dómsuppsögudegi, sbr. 2. málslíð 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

### *Niðurstaða*

38. Stefnandi lenti í vinnuslysi 3. júlí 2018 þegar hún var við vinnu hjá stefnda Orku náttúrunnar ohf., þar sem hún var á námssamningi. Í málinu er ekki deilt um bótaskyldu stefndu eða afleiðingar slyssins. Ágreiningur aðila lýtur hins vegar að því hvort bætur fyrir varanlega örorku stefnanda skuli miðaðar við lágmarkslaun skv. 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 eða hvort árslaun skuli metin sérstaklega þar sem óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Verði fallist á að síðastnefnt ákvæði eigi við deila aðilar um við hvaða laun skuli miða.
39. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 skulu árslaun til ákvörðunar bóta fyrir varanlega örorku teljast vera meðalatvinnutekjur tjónþola að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt skv. launavísitölu til þess tíma sem upphaf varanlegrar örorku miðast við. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna skulu árslaun þó metin sérstaklega þegar óvenjulegar aðstæður eru fyrir hendi og ætla má að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur tjónþola. Þá segir í 3. mgr. ákvæðisins að þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. skuli ekki miða við lægri árslaun en þar eru tilgreind.
40. Samkvæmt framansögðu eru tvö skilyrði fyrir því að ákvarða megi árslaun stefnanda sérstaklega á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Annars vegar þarf að vera um að ræða óvenjulegar aðstæður hjá stefnanda og hins vegar þarf að vera fyrir hendi annar réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hennar. Stefnandi ber sönnunarbyrði fyrir því að báðum þessum skilyrðum sé fullnægt.
41. Af réttarframkvæmd má ráða að meðal aðstæðna sem teljast óvenjulegar og geta réttlætt beitingu 2. mgr. 7. gr. laganna eru þegar tjónþoli var í skóla verulegan hluta viðmiðunar-tímans og námslok voru fyrirsjáanleg á tjónsdegi. Í því sambandi hefur verið talið að fallast beri á beitingu ákvæðisins ef námsmaður hefur lokið meira en 2/3 hluta náms síns.
42. Samkvæmt gögnum málsins hóf stefnandi nám sitt í Véltekni- og skipstjórnarskólanum haustið 2015 og þá á VA-braut í vélstjórn. Hún færði sig yfir á VD-braut í vélstjórn í janúar 2016, en síðarnefnda brautin veitir ótakmörkuð réttindi í vélstjórn. Þann 5. júní 2018, um mánuði fyrir slysið, færði stefnandi sig yfir á VB-braut í vélstjórn og mun það hafa verið liður í endurskipulagningu náms hennar til að gera henni kleift að öðlast B-réttindi í vélstjórn, en nám til þeirra réttinda tekur styttri tíma. Samkvæmt upplýsingum af heimasíðu Véltekni- og skipstjórnarskólans, sem eru á meðal gagna málsins, veitir námið réttindi til að gegna stöðu yfirvélstjóra og 1. vélstjóra á skipum með vélarafli að

1500 kW og minna og undirvélstjóra á skipum með 3000 kW vélarafli eða minna (að loknum siglingatíma). Þá kemur þar fram að námsstig B veiti einnig rétt til að undirgangast sveinspróf í vélvirkjun að lokinni starfsþjálfun. Loks kemur fram á heimasíðu skólans að vélstjórar starfi víðar en á skipum og geti starfssvið þeirra verið fjölbreytt, t.d. þurfi verksmiðjur og framleiðslufyrirtæki að hafa vélstjóra og vélvirkja við störf. Stefnandi lauk ekki námi af VB-braut, heldur útskrifaðist hún af fagbrautinni vélstjórn A með stúdentspróf 29. maí 2020, tæpum tveimur árum eftir vinnuslysið.

43. Þegar stefnandi varð fyrir því slysi sem mál þetta á rætur sínar að rekja til hafði hún skv. gögnum málsins lokið 97 af þeim 126 einingum sem þarf til að ljúka námi af VB-braut vélstjórnar. Í framburði vitnisins A, skólastjóra Véltækni- og skipstjórnarskólans, kom fram að af þessum 97 einingum væru 83 einingar beint af fagbrautinni (VA- og VB-braut vélstjórnar) og 14 einingar hefðu verið valeiningar frá VC- og VD-braut, sem hefðu verið metnar inn á VB-braut vélstjórnar. Upplýsti vitnið að réttindi af VA-braut vélstjórnar veiti, auk vélstjórnarréttinda á smærri bátum, réttindi á vélum í landi, þ.e. við vélaeftirlit og vélstjórnarstörf í landi, og ennfremur að próf í vélstjórn af VB-braut veiti réttindi á stærri vélar, þ.e. réttindi sem vélstjóri á stærri bátum, en þá sé siglingatími einnig skilyrði. Fram kom hjá vitninu að VB-braut vélstjórnar og vélvirkjabraut sé sama brautin og að nám á þeirri braut veiti möguleika á að afla sér sveinsprófs á námssamningi, sem veiti einnig réttindi til starfa í landi. Ennfremur kom fram hjá vitninu að miðað við námsferilsyfirlit stefnanda 3. júlí 2018 hafi ekkert bent til annars en að hún hafi ætlað sér að klára nám á VB-braut vélstjórnar. Þá var stefnandi með námssamning hjá stefnda Orku náttúrunnar ohf. þegar hún lenti í slysinu, sem henni tókst ekki að ljúka við vegna afleiðinga slyssins.
44. Þótt gögn málsins veiti nokkra vísbendingu um að stefnandi kunni að hafa haft hug á að færa sig aftur síðar yfir á VD-braut vélstjórnar, sem veitir ótakmörkuð réttindi í vélstjórn, verður að mati dómsins ekki horft framhjá því að próf af VB-braut vélstjórnar veitir réttindi til að starfa sem vélstjóri, þótt ekki sé þar um ótakmörkuð réttindi að ræða. Í ljósi þess að stefnandi hafði lokið um 77% af námi sínu til að öðlast B-réttindi til vélstjórnar er það mat dómsins að námslok hennar hafi verið fyrirsjáanleg á slysdegi. Er það einnig í samræmi við framlagða matsgerð þar sem talið var fyrirsjáanlegt á slysdegi að stefnandi hefði a.m.k. lokið A- og B-stigi í vélstjórn hefði hún ekki lent í umræddu slysi og nýtt sér þá menntun til að afla tekna í framtíðinni. Þannig er ljóst að matsmenn töldu áform stefnanda um framtíðarstarfsvettvang hafa verið mótuð á slysdegi. Fellst dómurinn á að

stefnandi hafi sýnt fram á að óvenjulegar aðstæður séu fyrir hendi í máli þessu þannig að meta megi árslaun sérstaklega, enda má ætla að annar mælikvarði en kveðið er á um í 1. mgr., sbr. 3. mgr., 7. gr. laga nr. 50/1993 sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda.

45. Við mat á seinna skilyrði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993, um að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur stefnanda, í þessu tilviki önnur laun en lágmarkslaun skv. 3. mgr. ákvæðisins, hafa þau laun sem stefnandi hafði í starfi sínu á slysdegi ekki úrslitaáhrif, enda er ólíklegt í ljósi ungs aldurs hennar að þau endurspegli þær tekjur sem gera má ráð fyrir að hún hefði haft á starfsævi sinni, hefði slysið ekki komið til. Þó er ljóst að tekjur stefnanda í slysmánuðinum, reiknaðar upp á ársgrundvöll, voru langt umfram lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. laganna.
46. Að virtu því sem rakið er hér að framan um það nám sem fyrirséð var á slysdegi að stefnandi myndi ljúka, sem veitt hefði henni þau starfsréttindi sem lýst er ítarlega hér að framan, er það mat dómsins að stefnandi hafi fært fullnægjandi sönnur á að réttari mælikvarði á framtíðartekjur stefnanda felist í meðallaunum þeirra sem falla undir starfsflokkinn „Störf iðn- og landbúnaðarvélvirkja“ hjá Hagstofu Íslands, svo sem krafist er í aðalkröfu stefnanda. Í því sambandi er m.a. horft til þess að skv. tilkynningu stefnda Orku náttúrunnar ohf. um vinnuslysið til Vinnueftirlitsins var starf/starfsheiti stefnanda skráð vélvirkjanemi. Ennfremur kemur fram í gögnum málsins og vitnisburði skólustjóra Véltekni- og skipstjórnarskólans að námið sem stefnandi var langt komin með hefði veitt henni réttindi til að gegna störfum skv. umræddum starfsflokki.
47. Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins verður fallist á aðalkröfu stefnanda vegna mismunar á útreiknuðum bótum fyrir örorku, þar á meðal um vexti. Er ekki fallist á þá málsástæðu stefndu að miðgildi gefi réttari mynd af dæmigerðum launum starfsstéttar en meðallaun, enda er hún með öllu vanreifud. Að mati dómsins er krafa stefnanda um dráttarvexti og viðmið þar um í samræmi við lög og verður því fallist á þá kröfu.
48. Ber stefndu þannig að greiða stefnanda skaðabætur vegna varanlegrar örorku að fjárhæð 44.033.464 krónur að viðbættum 4,5% vöxtum skv. 1. mgr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá 3. júlí 2020 til 1. desember 2021 og með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags. Hefur þá verið tekið tillit til innborgunar stefndu á kröfuna að fjárhæð 17.292.289 krónur sem innt var af hendi 15. mars 2022.

49. Eftir úrslitum málsins ber að dæma stefndu sameiginlega til að greiða málskostnað eins og greinir í dómsorði. Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu skv. gjafsóknarleyfi, dags. 19. október 2023. Gjafsóknarkostnaður og þóknun lögmanns þykja hæfilega ákveðin eins og greinir í dómsorði. Í samræmi við dómvenju ákvarðast gjafsóknarþóknunin án virðisauka-skatts, sbr. til hliðsjónar úrskurð Landsréttar í máli nr. 7/2019, uppkveðinn 22. janúar 2019.
50. Af hálfu stefnanda flutti málið Styrmir Gunnarsson lögmaður og af hálfu stefndu flutti málið Teitur Gissurarson lögmaður. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, Orka náttúrunnar ohf., og stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., greiði stefnanda, Rebekku Sif Gunnþórsdóttur, sameiginlega 44.033.464 krónur með 4,5% ársvöxtum frá 3. júlí 2020 til 1. desember 2021, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda 2.500.000 krónur í málskostnað sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Styrmis Gunnarssonar, 2.500.000 krónur.

Guðrún Sesselja Arnardóttir